



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Waldorfleikskólinn Sólstafir

2025– 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.




Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	8
3	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	9
4	Innra mat deildar/deilda 2024-2025 (Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs).....	11
5	Umbótaáætlun 2024-2025	.
6	Starfspróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaáttum leikskólans.	22
7	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvastutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.....	23
8	Foreldrasamvinna.....	26
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	28
10	Fylgiskjöl	31



Leiðarljós leikskólans



Waldorfleikskólinn Sólstafir starfar eftir uppeldis- og kennslufræðum Rudolfs Steiners, sem Waldorffræðin eru byggð á. Allt skólastarfið einkennist af sterkum hrynjanda sem fylgir árstíðahringnum okkar (sjá mynd hér að ofan). Segja má að árstíðahringurinn sé okkar eiginlega skólanámskrá, þó svo að við störfum að sjálfsögðu líka eftir formlegri námskrá.

Hátíðir spila stóran þátt í starfinu hjá okkur. Hver árstíð hverfist um ákveðna hátíð, verk, sögur og söngva. Hver vikudagur hefur ákveðin verk og hádegismat. Það er gott að starfa eftir þessum sterka hrynjanda, endurtekningin veitir börnunum öryggi og þau vita alltaf hvernig dagurinn er uppbyggður.

Grunnþættir Waldorf-uppeldisstefnunnar eru: Sterkur hrynjandi, frjáls leikur, virkjun ímyndunaraflsins, sköpun og gott fordæmi fullorðinna.

Unnið er með náttúrulegan opinn efnivið í því skyni að virkja sköpunarkraft barnanna í leik og starfi. Í leikskólanum er komið fram við barnið af virðingu og lagður grunnur að góðri félagsfærni. Skapaðar eru aðstæður til þess að barnið fái að vaxa og það geti notið sín í leik og starfi í hlýju og kærleiksríku umhverfi. Við lítum svo á að foreldrar séu mikilvægur þáttur í góðu og farsælu leikskólastarfi og leggjum rækt við það.



Steiner sagði m.a. að leikskólar ættu ekki að vera kennarastýrðir og því ætti ekki að hefja formlega kennslu heldur efla börnin í leik og að kenna þeim í gegnum hann. Steiner lagði áherslu á að kennarar segðu sögur, færu í leiki og segðu börnunum gátur. Á þessum áherslum byggjum við m.a. starfið hjá okkur.

Tilgangi og markmiði Waldorf leikskólans má lýsa á eftirfarandi hátt:

1. Að veita nemendum góða alhliða menntun.
2. Að hlúa að heilbrigðum þroska nemenda.
3. Að gera hverjum og einum kleift að finna og nýta hæfileika sína.
4. Að hjálpa nemendum að þróa þá færni sem þeir þurfa til að leggja sitt af mörkum til samfélagsins.
5. Að gefa foreldrum val um uppeldisstefnu í samhljómi við lífssýn þeirra.





Greinargerð leikskólastjóra

Við erum að hefja okkar 31. Starfsár. Fjórar deildir voru í leikskólanum þetta skólaár með 70 börnum. Á yngstu deildinni eru sextán börn og fjórir starfsmenn, á næst yngstu deildinni eru sautján börn og fjórir starfsmenn, á næst elstu deildinni eru átján börn og fjórir starfsmenn og á elstu deildinni eru nítján börn og fjórir starfsmenn. Á næsta skólaári munum við fjölga börnunum í 75 þar sem fjölgað verður á elstu deildunum. Verið er að undirbúa það m.a. með að smíða hólf fyrir börnin og setja upp snaga.

Stjórnun

Við Waldorf leik- og grunnskóla Sólstafa starfar fulltrúaráð beggja skólastiga. Þar sitja að jafnaði sex fulltrúar kennara sem eru með mesta starfsreynslu. Þeir taka að sér að vera ábyrgir fyrir stofnunina gagnvart starfinu í heild og menntayfirvöldum.

Stjórnarfundir eru einu sinni í viku. Þar hittast stjórnendur leik- og grunnskólans. Fundirnir eru upplýsinga og samráðsfundir. Farið er yfir rekstur og faglegt starf skólanna.

Í stjórnendateymi leikskólans eru þrír starfsmenn hans. Einn starfsmaður starfar eingöngu á skrifstofunni en tveir eru jafnframt deildarstjórar. Stjórnendateymið tekur allar ákvarðanir sameiginlega.

Ör - deildarstjórafundir eru daglega, á þeim hittast allir deildarstjórar og stjórnandi og leggja línurnar fyrir daginn. Einnig eru deildarstjórafundir einu sinni í viku. Þar hittast stjórnendur og deildarstjórar. Fundirnir eru upplýsingafundir um rekstur, faglegt-og daglegt leikskólastarf.

Lausnateymisfundir eru á sex vikna fresti. Þar hittast sérfræðingar frá Þjónustumiðstöð, stjórnendur og deildarstjórar. Stjórnarfundir eru einu sinni í viku.

Við áttum að vera búin að skila inn nýrri skólanámskrá en því miður hefur sú vinna dregist hjá okkur. Vinnan er komin á gott skrið og munum við skila henni næsta haust.





Staðan hjá okkur er að það hefur verið stöðugt erfiðara á fá menntaða leikskólakennara. En við búum svo vel að hjá okkur er starfsfólk með fjölbreytta menntun, áhuga og mikla reynslu af því að vinna með börnum sem nýtist vel í starfinu.

Það hefur verið draumur okkar í fjöldamörg ár að fá fleiri waldorf menntaða kennara í leikskólann en fram að þessu hefur það verið fjarlægur draumur vegna þess að eingöngu er boðið upp á waldorfkennaranám erlendis. Nú erum við nær því að þessi draumur verði að veruleika. Í júní mun hefjast nám á Íslandi, frá Rudolf Steiner háskólanum í Osló. Kennt verður í tveimur lotum fjóra daga í senn. Námið er fyrir alla sem vinna með börnum í leik- grunnskólum. Allir starfsmenn sem hafa unnið hjá okkur í lengri tíma ásamt áhugasömun nýrri starfsmönnum munu hefja námið í júní. Við teljum að þetta verði mikil lyftistöng fyrir starfið hjá okkur.

Í nokkur skipti höfum við þurft að beita fáliðun. Við höfum reynt að mæta henni með því að hafa styttri daga á þeirri deild sem beita þurfti henni. Við gerum okkar fulla grein fyrir því að þetta kemur sér illa fyrir foreldra en höfum að mestu fengið góðan skilning og einnig þakkir frá foreldrum sem hafa tjáð okkur að þeir séu þakklátir fyrir að keyra daginn ekki í gegn með of fáu starfsfólki.

Á þessu skólaári var gerður nýr þjónustusamningur við Reykjavíkurborg sem felur m.a. í sér að einkareknir leikskólar tengdust Völu innritunarkerfi Reykjavíkurborgar. Í samningnum kemur einnig fram að börn sem eiga lögheimili í Reykjavík eru í forgangi um leikskólapláss. Reglan hjá okkur er sú að foreldrar sem setja Waldorfleikskólann Sólstafi í fyrsta sæti eiga möguleika á pláss. Með því að tengjast Völu sjáum við hver raunveruleg eftirspurn er hjá okkur eftir leikskólaplássum auk þess teljum við að við fáum inn í meira mæli fjölskyldur sem aðhyllast Waldorf stefnuna.

Í nokkur ár höfum við verið með fjáröflun á sumarhátíðinni okkar í formi blómasölu til að safna fyrir gróðurhúsi. Nú er farið að sjá fyrir endann á þeirri söfnun og við getum fjárfest í gróðurhúsi í haust. Foreldrar ætla að aðstoða okkur við að setja það upp á fyrirhuguðum vinnudegi í ágúst.





Fyrsta starfsárinu með deildarstjóra sérkennslu er að ljúka. Við erum mjög ánægð með hvernig hún hefur farið af stað og sjáum að sérkennslan á eftir að eflast enn meira.

Einhverjar breytingar verða í starfsmannahópnum næsta haust og mun nýr deildarstjóri taka við Mánalofti. Búið er að ráða í allar lausar stöður.

Starfsánægju könnun var lögð fyrir á starfsmannafundi í febrúar og finnst okkur ánægjulegt að sjá jákvæðar breytingar á milli ára. Utanaðkomandi fyrirtæki sá um könnunina og kynnti fyrir starfsfólki á starfsmannafundi í febrúar.

Veruleg bæting hefur orðið milli ára. Það sem sést í könnuninni er einkum eftirfarandi:

- Ánægja með starfið og vinnustaðinn hefur aukist umtalsvert og eru starfsmenn almennt ánægðir í vinnunni.
- Ánægja með upplýsingaflæði hefur aukist verulega og virðist hafa tekist að leysa vandamál sem tengdust því frá síðustu könnun.
- Þreyta starfsmanna hefur minnkað – sem tengist lausn vandamála beint.

Aðgerðir:

- Halda ætti áfram á sömu braut og áður – þ.e. að bæta upplýsingagjöf og ýmis tæknileg mál eins og t.d. skipulag á vinnutíma og annað slíkt.
- Í könnuninni eru enn „frávik“ þegar kemur að samskiptum milli starfsmanna sem og milli starfsmanna og stjórnenda. Ástandið er ekki alvarlegt en ástæða er til að fylgjast með því. Það ætti að vera viðvarandi verkefni.

Eftir áramót var stofnað starfsmannafélag. Þrír starfsmenn eru í forsvari og hafa þeir skipulagt fjölbreytta og skemmtilega viðburði fyrir utan vinnu sem hafa verið vel sóttir. Hefur það þétt starfsmannahópinn og haft jákvæð áhrif á samskiptin.

Það eru alltaf áskoranir sem við stöndum frammi fyrir en stjórnendur leikskólans leggja sig fram eftir bestu getu að takast á við þær. Okkur finnst framtíð leikskólans björt og erum tilbúin að fylgja honum þangað.





Foreldrakönnun

Helstu niðurstöður úr foreldrakönnun sem gerð var nú undir vor.

- *Barninu líður vel* hækkaði frá síðustu könnun úr 92% í 93%
- *Barnið er öruggt í leikskólanum* hækkaði frá síðustu könnun úr 88% í 96,9%
- *Styður þarfir barnsins* hækkaði frá síðustu könnun úr 90,2% í 96,6%
- *Notalegt andrúmsloft* hækkaði frá síðustu könnun úr 92,2% í 93,5%
- *Ánægð með skólann* segja 90,3 % foreldra

Það sem betur má fara

- Aðeins 77,4% foreldra finnst leikskólanum vel stjórnað. Við viljum gera vel en finnst það galli á könnunni að það er ekki spurt nánar út í hvað það er sem foreldrar eru ósáttir við. Verðum við að finna leið til að foreldrar geti upplýst okkur um hvað það er sem við getum gert betur.
- Einnig finnst okkur sláandi að 77,4% þeirra sem svöruðu þekki ekki stefnu leikskólans. Við erum með kynningarfund á vorin fyrir nýja foreldra, stutt kynning er á Waldorf á foreldrafundum og allir foreldrar fá foreldrahandbók þegar barnið þeirra byrjar hjá okkur. Á deildarstjórafundum höfum við rætt um hvað vanti upp á hjá okkur. Fram hefur komið hugmynd í deildarstjóra hópnum hvort við eigum að hafa góðan upplýsingafund um stefnu leikskólans að hausti og milligöngu um sölu á Waldorfbókum og leikföngum. En til að bæta okkur þurfum við að leita til foreldra um hvað má gera betur til að þeir kynnist stefnunni betur.
- Auk þessa þarf að vinna í að foreldrar upplifi gott viðmót og upplýsingaflæði verði betra.

Það talar beint inn í stefnuna að upplifun foreldra sé að barnið hafi aðgang að skapandi efnivið, eflingu frumkvæðis að sjálfssprottnum leik og barnið hafi tækifæri til að vinna úr skapandi efnivið.

Elín Traustadóttir

Stjórnandi



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Lýðræðisleg vinnubrögð eru í forgrunni við framkvæmd innra mats í leikskólanum. Mat fer reglulega fram á mismunandi vettvöngum, svo sem á stjórnarfundum, deildarstjórafundum, deildarfundum, foreldrakönnunum og sameiginlegum starfsdegi með grunnskólanum einu sinni á ári. Leitast er við að taka mið af sjónarmiðum allra sem að starfinu koma – þar á meðal leikskólakennara og annars starfsfólks, foreldra og barna.

Stjórn leikskólans fundar vikulega með stjórn grunnskólans þar sem farið er yfir mál sem snerta samstarf stofnananna. Atburðir og starfshættir eru reglulega endurmetnir í þeim tilgangi að efla starfsgæði og samfellu í námi barna

Waldorf-nálgun og þróunarverkefni

- Fræðsla og innleiðing. Á öllum starfsmannafundum á skólaárinu voru innlegg tengd Waldorf-fræðslunni. Þessi fræðsla hefur styrkt sameiginlega sýn og aukið skilning starfsfólks á grunni og aðferðum stefnunnar.
- Sérkennsla. Vel hefur tekist að byggja upp sérkennslu á grunni Waldorf-fræðanna undir heitinu *Sólblóm*. Þetta verkefni hefur fest sig í sessi sem mikilvægur þáttur í stuðningi við börn með sérþarfir.
- Samstarf við Háskólann í Ósló. Fundin hefur verið leið til að koma Waldorf námi heim í gegnum samstarf við Háskólann í Ósló. Námið hefst með tveimur námslotum í júní og ágúst 2025. Við teljum að þetta samstarf muni styrkja leikskólann faglega til framtíðar.

Waldorf-endurmenntun starfsmanna

Umbótaþáttur - matsþáttur:

Stjórnun – Uppeldis- og menntastarf – Mannauður – Innra mat

Tækifæri til umbóta - Markmið:

- Dýpka þekkingu starfsmanna á Waldorffræðum.
- Auka áhuga, ánægju og samvinnu í leikskólanum.
- Bæta gæði leikskólastarfs og styrkja innleiðingu Waldorf-stefnunnar



Aðgerðir:

- Hópur starfsmanna sækir Waldorfnám frá Osló sem fer fram:
 - Í Lækjarbotnum í júní 2025.
 - Á Sólstöfum í ágúst 2025.

Ábyrgð:

Deildastjóri sérkennslu

Tímarammi:

- 4 dagar í júní 2025
- 4 dagar í ágúst 2025

Mat og aðferðir:

- Starfsmenn halda kynningu á starfsmannafundi.
- Mat á deildarstjóra og starfsmannafundum.
- Kynningar haldnar fyrir foreldra.

Viðmið um árangur:

- Minni starfsmannavelta.
- Meiri samvinna og áhugi á Waldorfstefnunni.
- Áhugi á áframhaldandi námi.
- Foreldrar kynnist stefnunni betur.

Nýr samskiptamiðill fyrir foreldra og starfsfólk

Umbótapáttur - matspáttur:

Stjórnun – Mannauður - leikskólabragur

Tækifæri til umbóta - Markmið:

- Skýrari og öruggari upplýsingagjöf
- Öruggari persónuvernd





- Einfaldari samskiptaleiðir

Aðgerðir:

- Kanna möguleika á að skipta út Facebook og Instagram
- Ræða við Karellen og/eða Völu um samning og kostnað

Ábyrgð:

Stjórnandi og einn deildarstjóri

Tímarammi:

Júní – september 2025

Mat og aðferðir:

- Mat á stjórnarfundum um áramót

Viðmið um árangur:

- Nýr samskiptamiðill kominn í notkun fyrir áramót 2025

Gróðurhús á lóð leikskólans

Umbótapáttur - matspáttur:

Tækifæri til umbóta - Markmið:

- Setja upp gróðurhús á leikskólalóð
- Skapa sameiginlegt rými leik og grunnskólans fyrir ræktun
- Skilgreina notkun milli leik-og grunnskóla

Aðgerðir:

- Gróðurhús valið og keypt.
- Uppsetning og hellulögn hefst með aðstoð foreldra í september 2025.

Ábyrgð:

Stjórn Foreldrafélags og stjórn Sólstafa.

Tímarammi:





- Uppsetning í september
- Notkun hefst haustið 2025.

Mat og aðferðir:

- Mat á stjórnarfundum og foreldrafélagsfundum

Viðmið um árangur:

- Húsið komið upp
- Ræktunarstarf hafið

Efla Waldorf-fræðslu fyrir foreldra

Markmið og aðgerðir:

- Foreldrafélagið stendur fyrir einum Waldorf-fyrirlestri á ári
- Foreldrar sem hafa áhuga fá tækifæri til að sækja Waldorfnám frá Osló

Ábyrgð:

Foreldrafélag í samvinnu við stjórn

Viðmið um árangur:

- Fyrirlestur haldinn
- Foreldrapátttaka eykst
- Aukin vitund og samhljómur um menntastefnu skólans

Ytra mat

Þeir aðilar sem taka þátt í ytra matinu eru:

- Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar gerði úttekt. Komu fram nokkrar athugasemdir og var brugðist við þeim strax.
- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins gerði úttekt án athugasemda.

Veturinn 2025– 2026 verður áhersla á:





Stjórnandi ásamt stjórn leikskólans bera ábyrgð á innra mati leikskólans. Stuðst er m.a. við símat. Starfið er metið á vikulegum stjórnar, deildarstjóra og starfsmannafundum sem eru á þriggja vikna fresti og sameiginlegum starfdegi með grunnskólanum, sem er einu sinni á vetri. Allir starfsmenn taka þátt í matinu og bera stjórnendur og stjórn skólanna ábyrgð á að því sé framfylgt. Foreldrakönnun er framkvæmd annað hvert ár og var hún framkvæmd á þessu skólaári.

Starfsmannakönnun var lögð fyrir á sameiginlegum starfsdegi hjá leik- og grunnskólanum í febrúar á þessu skólaári af ráðgjafarfyrirtækinu Gott og gilt.





3 Umbótaáætlun leikskólans 2024 - 2025

Innra mat

Umbótapáttur

Endurmenntun starfsmanna. Boðið verður upp á Waldorfnám frá Steiner háskólanum í Osló.

Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?

Dýpka þekkingu starfsmanna á Waldorffræðunum, auka áhuga, ánægju og samvinnu starfsmanna í leikskólanum. Bæta gæði starfs leikskólans og auka þar þátt Waldorfstefnunnar.

Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?

Senda hóp starfsmanna í Waldorfnám frá Rudolf Steiner háskólanum í Osló sem haldið verður í Lækjarbotnum og Sólstöfum.

Ábyrgð

Deildarstjóri sérkennslu

Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?

Fjórir dagar í júní og fjórir dagar í ágúst 2025.

Hvenær og hvernig á að meta?

Metið á deildarstjórafundum, starfsmannafundum og stjórnarfundum.

Hvaða aðferðir á að nota við matið.

Lagðar verða fyrir kannanir fyrir þá starfsmenn sem voru í náminu, auk rýnihóps skipuðum deildarstjórum og stjórnanda.

Viðmið um árangur

Starfsmenn sem fara í námið munu halda kynningu fyrir aðra starfsmenn á starfsmannafundum þar sem þeir gefa innsýn í það sem þeir lærðu.

Viðmið er að það verði minni starfsmannavelta, meiri samvinna í kringum Waldorfstefnuna og áhugi á áframhaldandi Waldorfnámi.



4 Innra mat Fiðrildadeildar 2024-2025

Á Fiðrildadeild starfa þrír starfsmenn í 100% starfi og einn starfsmaður í 50% starfi. Þar af er einn deildarstjóri, tveir leiðbeinendur og einn stuðningsaðili. Á deildinni eru 20 börn. Börnin eru fædd 2019 og fara næsta haust í grunnskóla. Af þessum 20 börn fara fjórtán í Waldorfgrunnskóla Sólstafr í Sóltúni 6 og sex í aðra hverfisskóla.

Samantekt helstu niðurstaðna, styrkleika og umbótatækifæra

Yfirlit og áherslur

Starfsárið einkenndist af stöðugu og markvissu starfi með skýra stefnu í anda Waldorf uppeldis. Unnið var að jafnvægi í daglegu lífi barnanna og dýpkun faglegra þátta eins og málörvun, náttúrutengingar og skapandi starfsemi. Einnig var stóraukin áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð og þátttöku barna.

Styrkleikar

- Vel skipulögð dagskrá og fastur hrynjandi sem skapar ró og öryggi.
- Góð samvinna við aðrar deildir (Stjörnuloft), einkum í tengslum við að deila rými og starfsmönnum.
- Málörvun þrisvar í viku fyrir börn með sérstakar þarfir skilaði sýnilegum framförum.
- Fræðsla og tenging við umhverfið í gegnum fjölbreyttar vettvangsferðir.
- Waldorfstefna samþætt í daglegt starf með sögum, föndri og tónlist.

Tækifæri til umbóta

- Ekki tókst að ljúka öllum barnaskoðunum – tækifæri til að innleiða skýrari verkferla og forgangsroðun.
- Samþætting sögustunda og föndurs má efla frekar með skýrari verkefnaskipan og skipulagðri dagskrá.
- Þó málörvun hafi skilað árangri var áskorun að virkja alla jafnt og mæta í tíma án þess það skapaði auka streitu.
- Áfram má efla lýðræðislega þátttöku barna með því að vinna með viðhorf og virka hlustun starfsfólks.

Umbótaráætlun fyrir starfsárið 2025–2026



Barnaskoðanir

Markmiðið er að ljúka þeim barnaskoðunum fyrr og setja upp skýran verkferil fyrir næsta ár. Deildarstjóri og starfsfólk bera ábyrgð á verkefninu, og því er ætlað að fari fram frá ágúst til áramóta 2025/26. Farið verður yfir framkvæmdina á starfsmannafundum í haust.

Samþætting sagna og föndurs

Verkefnið felur í sér formfestu á samþættingu sagna og föndurs, þar sem útbúin verður sameiginleg skrá yfir viðfangsefni, efnivið og framkvæmd. Allt starfsfólk tekur þátt í þessu yfir haustönn 2025. Endurmat verður framkvæmt í janúar og maí 2026.

Lýðræði í leikskólastarfi

Áhersla verður lögð á lýðræði í starfinu með því að börnin taki þátt í mótun reglna með starfsfólki í upphafi skólaárs. Sérstök áhersla verður lögð á virka hlustun sem leiðarljós í starfinu. Allt starfsfólk ber ábyrgð á þessu verkefni, sem á að fara fram í ágúst og september 2025. Mat fer fram með samtali við börn og skjalfestingu.

Endurskoðun dagsrútínu

Sérstaklega verður skoðað hvernig rútinan við fatahengi og útiveru fer fram. Greina þarf framkvæmdina og samræma hana milli deilda. Deildarstjórar Fiðrilda og Stjörnulofts bera ábyrgð, og vinna fer fram í október 2025. Farið verður yfir niðurstöður á starfsmannafund í nóvember.



Stækkun deildar

Fiðrildadeild verður undirbúin og aðlöguð að því að taka á móti 20 börnum í kjölfar stækkun Fiðrildadeildar. Það þarf að útbúa fatahólf og fá fleiri húsgögn. Deildarstjóri ber ábyrgð á undirbúningnum, sem á að ljúka lok ágúst 2025. Mat á aðlöguninni fer fram á starfsdegi í haust.

5 Innra mat – Stjörnuloft 2024–2025

Bakgrunnur

Í lok júní 2024 var Regnbogadeild lögð niður og húsnæði hennar breytt í sérkennslurými. Öllum deildum leikskólans var þá komið fyrir í aðalbyggingu



skólans, sem hefur auðveldað samstarf og aukið tengsl milli deilda og starfsfólks.

Á Stjörnulofti voru 18 börn starfsárið 2024–2025. Þar störfuðu fimm starfsmenn: þrír í 100% starfi og tveir í hlutastarfi. Þar af var einn deildarstjóri, einn stuðningsaðili og þrír leiðbeinendur.

Styrkleikar

Skipulag og nýtt upphaf

Mikil vinna fór fram við endurskipulagningu deildarinnar eftir flutninginn frá Regnboganum. Allt starfsfólkið sem fylgdi flutningnum tók þátt í teymisvinnu og mótaði Stjörnuloft sem „nýju deildina okkar“.

- Deildin var sett upp frá grunni: húsbúnaður fluttur, nýtt leikhús með eldhúsi og dúkkukrók komið upp (notað einnig sem leshorn)
- Hurðalaus skápur var fluttur á deildina og innréttaður með dýnu og púðum. Hann hefur reynst mjög vinsæll leik- og hvíldarstaður þar sem börnin nýta hann í ímyndunarleik, til dæmis sem sumarbústað, sjúkrahús eða annað eftir eigin hugmyndum
- Leikföng, púsl og bækur voru yfirfarin og valin af kostgæfni til áframhaldandi notkunar.



Endurnýting og þátttaka

- Starfsfólk og börn tóku þátt í að laga og fegra leikföng og búnað, bæði inni og úti. Ný dúkkuföt voru prjónuð og trébekkir pússaðir – verkefni sem stuðluðu að samvinnu og sköpun.

Félagsfærni

- Mikil áhersla var lögð á þjálfun í félagslegum samskiptum: virka hlustun, tjáningu tilfinninga, að skiptast á og að virða mörk annarra.
- Greinileg framför hjá börnum: hlustuðu betur, höfðu meira sjálfstraust og urðu meðvitaðri um hegðun hvers annars.

Kennsla um íslensk dýr

- Börnin kynntust íslenskum dýrum í gegnum sögur, söng, bækur og í vettvangsferðum.
- Í aðdraganda grímuballsins föndruðu börnin dýrabúninga úr ull og lærðu jafnframt um hin ýmsu dýr sem þau völdu sér að endurskapa.
- Börnin sýndu aukna umhyggju og umburðarlyndi gagnvart dýrum, meðal annars með þátttöku í smíði fuglahúss og gerð fuglamatar yfir veturinn. Einnig mátti greina vaxandi umhyggju fyrir smádýrum í garðinum, þar sem börnin sýndu þeim meiri virðingu og áhuga en áður.

Sérkennslan á Sólblóma hafði mjög jákvæð áhrif á starf deildarinnar.

Markviss þjálfun í félagsfærni skilaði sér sérstaklega vel.

Myndrænt skipulag byggt á PECS-kerfinu var innleitt og hjálpaði til við daglegt skipulag og aðlögun.

- Lýðræðislega þátttöku barna má efla markvisst.

Tækifæri til úrbóta

- **Starfsmannavelta og veikindi** höfðu áhrif á framkvæmd mats og verkefna, t.d. var ekki hægt að ljúka barnaskoðun eins og ætlað var.
- **Þjálfun í sérkennslu á deild** mætti efla enn frekar og sníða betur að einstaklingum og beita markvissara skipulagi í daglegu starfi á deildinni.



- **Lýðræðisleg þátttaka barna** og virka hlustun starfsfólks getur verið enn sterkari þáttur í daglegu starfi með því að styðja starfsfólk til að endurskoða eigin viðhorf og tileinka sér virka hlustun í daglegum samskiptum við börn.

Umbótaáætlun 2025–2026

Sterkur grunnur

- Næstum allur barnahópurinn heldur áfram næsta vetur. Þetta gefur tækifæri til að dýpka kennsluna og vinna áfram með góðan grunn.
- Ný börn munu bætast við og hópurinn stækka frá 18 í 20 börn.

Kennsla í föndri

Áhersla verður lögð á fjölbreytt handverk og sköpun:

- Fingraprjón
- Föndur með ull
- Gerð leikfanga fyrir basarinn
- Búningagerð fyrir leikrit og skapandi leik

Ábyrgð: deildastjóri og öll starfsmenn deildarinnar

Tími: Frá ágúst

Mat: Samtal við börn og starfsfólk, deildarfundir í nóvember og mars



Útskriftarverkefni elstu barna – Leikrit

Sagan er samin af deildarstjóra ásamt börnin og sögð í sögustund frá lok apríl. Börnin æfa textann, taka þátt í flutningi sögunnar og búa til búninga með aðstoð starfsfólks.

Ábyrgð: deildastjóri og fleiri starfsmenn

Tími: Janúar – maí

Mat: Samtal við börnin, umræður á starfsmannafundum í mars, apríl og maí

Fjölbreyttar vettvangsferðir

Fjölmargar vettvangsferðir – t.d. í söfn, náttúran o.fl.

Ábyrgð: Einn starfsmaður Stjörnulofts og Fiðrildadeilda

Tími: Ágúst – júní 2026

Mat: Mánaðarlega á starfsmannfundum

Lýðræði í leikskólastarfi

Áhersla verður lögð á lýðræði í daglegu starfi. Börnin taka þátt í mótun reglna með starfsfólki í upphafi skólaárs. Sérstaklega verður lögð áhersla á virka hlustun **sem leiðarljós í samskiptum.**

Ábyrgð: Allt starfsfólk

Tími: Ágúst – september

Mat: Samtal við börnin og gerð reglulista

6 Innra mat Mána-lofts 2024-2025



Á Mána-lofti eru sautján börn fædd 2021-2022. Á deildinni eru fjórir starfsmenn í 100% starfi. Eitthvað var um breytingar í starfsmannahópnum en tveir starfsmenn voru allt starfsárið en aðrir færðu sig milli deilda í byrjun árs. Nýr deildarstjóri tók við deildinni tímabundið í febrúar. Mána-loft deilir sama fatahengi og inngangi og yngsta deildin, Bjartalund. Mikið samstarf hefur verið milli þessara deilda á árinu.

Mikið er lagt upp úr dagshrynjanda og skipulagi. Það skapar fyrirsjáanleika, ró og rými fyrir bæði börn og starfsfólk. Reynt er að hafa jafnvægi milli verkefna og frjáls leiks. Hér fyrir neðan er vikuhrynjandinn:



Vikuhrynjandi:

- Mánudagur: Málað.
- Þriðjudagur: Bývax.
- Miðvikudagur: Leir og tónlist .
- Fimmtudagur: Bakað.
- Föstudagur: Þrif og gönguferð (um vor)

Áhersla er lögð á útiveru og náttúrutengingu og farið er út tvisvar sinnum á dag allt árið um kring. Á vorin og sumrin er útiveran lengri. Árstíðir og hátíðir hafa mikil áhrif á starfið og er lagt upp úr því að halda þar í hefðir



Waldorfstefnunnar. Sögur og söngvar í morgunhring og sögustund eru valdar út frá því hvaða mánuður er og notast er við rytma og leikbrúður þegar það á við til að efla hlustun. Áhersla er lögð á góða verkaskiptingu og verkefnum er skipt jafnt milli starfsmanna. Dagskráin er höfð sýnileg upp á vegg þannig að afleysingafólk geti stokkið inn í rétt verkefni. Deildarfundir á þriggja vikna fresti eru notaðir að hluta til að ræða skipulagið og endurbæta verklag. Ítarleg fréttabréf eru send út í lok hvers mánaðar þar sem farið er yfir það sem gerðist í mánuðinum ásamt tilkynningum og því sem er fram undan. Myndir eru settar inn á lokaðan facebook hóp og vel valdar myndir settar í fréttabréf.

Endurmat á umbótaáætlun 2024-2025

Almennt:

Nýr deildarstjóri tók við deildinni í byrjun árs og í kjölfarið var farið í að endurskipuleggja bæði verkferla og breyta rými og leikföngum deildarinnar. Starfsmenn hafa fengið tíma til að sinna undirbúningi svo sem umbótum á leikskólalóð, skreytingu kennslustofu og skreytingu árstíðarborðs í byrjun nýs mánaðar. Þúðum og dýnum var bætt við stofu og ýtti það undir rólegri leiki og það að börnin sátu og lásu. Einnig var sótt úr geymslu leikbogi/rennibraut sem

hægt er að breyta í helli og var mikið notuð sem griðastaður fyrir börn sem þurftu að fá rými. Efni var bætt við yfir hurðar, í gluggum og í loft til að mýkja rýmið og skraut var fendrað til að bæta við loftljósin.

Starfsmaður af annarri deild kom vikulega eftir áramót og var með tónlistarstund fyrir börnin (spilaði á ukulele og söng) og vakti mikla lukku meðal barnanna. Ef hann forfallaðist þá spiluðu börnin sjálf á trommur og xylofóna með kennara sem spilaði á fiðlu.

Á vorönn kom hegðunarráðgjafi frá Reykjavíkurborg í áhorf vegna rótleysis á deild. Í kjölfarið var unnið út frá ráðleggingum hans þar sem farið var í bætt fyrirmæli (skýrari og fylgja betur eftir, nota jákvæð fyrirmæli) ásamt því að vinna var sett í að bæta tengsl milli barna og starfsfólks með tengslabanka aðferðinni. Einnig voru verkferlar í kringum dagsskipulag bættir: sætaskipan fest niður, hópaskipting í fatahengið komið á. Foreldraviðtöl fóru fram í byrjun vors og gott samstarf og samskipti voru milli foreldra og starfsmanna.



1) Breytingar á deild

Styrkleikar: Settur var upp góður veggur milli samliggjandi deilda, Mánalofts og Stjörnulofts, sem hægt er að opna. Hann hljóðeinangrar mjög vel milli deilda og minnkar áreiti til muna fyrir báðar deildir.

Tækifæri: Áætlað var að láta smíða ný borð og bekki en það gekk ekki eftir og verður þetta verkefni því sett aftur í umbótaáætlun fyrir næsta leikskólaár.

2) Sögustundir

Styrkleikar: Fyrir jól tókst vel til þar sem deildarstjóri var reyndur og þekkti sögurnar. Hann hafði brúður frá fyrra ári sem hann notaði. Vel gekk allt árið að velja mánaðarlega nýjar sögur sem hentuðu viðkomandi mánuði.

Tækifæri: Ekki gekk jafn vel hjá nýjum deildarstjóra sem vissi ekki af möppu í vinnuherbergi og þurfti því að fara og finna og þýða sögur af netinu. Ekki voru til brúður fyrir þær sögur og því minna notað af þeim eftir jól. Lagt er til í umbótaáætlun að deildarstjóri skilji eftir sig möppu fyrir þann sem tekur við á næsta ári þar sem sögur hvers mánaðar eru geymdar og tillögur um brúðugerð fylgja með.

3) Árstíðaborð

Tækifæri: Vel gekk að gera árstíðaborð mánaðarlega. Einn starfsmaður tók að sér að endurnýja borðið í byrjun hvers mánaðar í sínum undirbúningstíma og notaði til þess efnivið úr náttúru og heimagerða muni, brúður og leikföng.

Styrkleikar: Oft gleymdist að bæta við tengingu við sögustund og má hafa það í huga í framhaldinu.

Umbótaáætlun 2025-2026

Aðbúnaður á deild


Húsgögn á borð við stóla og borð þarfnast endurnýjunar og lá fyrir að fá ný hringlaga borð sem henta betur barnahópnum en við núverandi borð er erfitt að koma öllum stólum fyrir og starfsmenn ná ekki yfir borð að hjálpa börnum sem sitja hinum megin. Gott væri að bæta við hillum fyrir leikföng og skipuleggja leikföng betur og henda því sem er orðið slitið.

Ábyrgð: Stjórn, húsvörður og deildarstjóri. **Hvenær:** Hausti 2025. **Mat:** Metið af starfsfólki deildar og stjórn á deildarstjórafundum og á deildarfundum á haustönn

Sögustundir

Undanfarið árið hafa sögustundir verið mjög misvel heppnaðar og á vorönn voru sögurnar valdar á síðustu stundu og ekki æfðar eða notaðar brúður til að auka athygli og skilning barnanna. Oft var erfitt að fá börnin til að

sitja og hlusta þar sem lítill áhugi var á sögunum sem átti að segja og var þá gripið í styttri vísur. Næsta skólaár væri gott að undirbúa sögustundir vel og útbúa brúður fyrir þær sögur sem segja á.



Tími: allt árið.

Ábyrgð: allir starfsmenn deildar, deildarstjóri sér um skipulag og úthlutar ábyrgð.

Mat: Deildarstjóri sér um að meta árangur með öðrum starfmönnum deildar á deildarfundum.

7 Innra mat á Bjartalandi

Á Bjartalandi starfa fjórir starfsmenn í 100% starfi. Það eru sextán börn á aldrinum átján mánaða til þriggja ára. Á Bjartalandi eru yngstu börnin og skiptir þar mestu að þeim líði vel og upplifi öryggi. Þar sem hver dagur hefur sín verkefni vita börnin fyrirfram hvernig dagurinn flæðir og er því mikið öryggi sem skapast þar sem barnið veit alltaf hvað kemur næst og leggjum við því mikla áherslu á góðan hrynjanda inn í daginn, vikuna, mánuðina og árið. Góður hrynjandi er ekki endilega alltaf upp á mínútu og er frekar miðað við að dagurinn líði alltaf í sömu röð og því er frelsi innan hrynjanda. Hrynjandinn er eftirfarandi:

Vikuhrynjandinn:

- Mánudagur: Málað
- Þriðjudagur: Bývax
- Miðvikudagur: Tónlist
- Fimmtudagur: Bakað
- Föstudagur: Þrif



Dagshrynjandi: 08:00 leikskólinn opnar (á sumrin og vorin byrjum við dagana úti og eru morgunsöngur og hressing úti)

09:00 morgunsöngur



09:15 hressing

09:30-10:30 frjáls leikur

10:15-10:45 klósett

10:45-11:00 Sögustund/vísa

11:00 hádegismatur

11:50-14:00 hvíld/rólegur leikur (börnin fá hreina bleyju/nota kopp eða klósett þegar þau vakna)

14:30 hressing

15:00-16:30 útivera

16:30 leikskólinn lokar

Hrynjandinn er árstíðabundinn og tekur aukin útivera við yfir vor og sumarmánuðina. Þá fara verkefni eins og málun og bakstur í dvala. Árshrynjandinn skapast svo af hátíðnum okkar sem skapa stóran sess í waldorf. Fyrir yngstu börnin er mikil upplifun að sjá kennara og eldri börnin undirbúa hátíðirnar og fá þau þannig að hlakka til ýmissa verkefna sem þau munu seinna fást við sjálf. Þau taka þátt eftir getu og þroska en passað er upp á að börnin upplifi hverja hátíð með gleði og ró. Yngstu tvær deildirnar hafa verið í góðu samstarfi í kringum þessar hátíðir og skapað góða stemmningu saman sem hentar fyrir þessa tvo yngstu hópa leikskólans. Og inn í þetta fléttast sögur og söngvar sem passa við hverja hátíð.

Í vetur var töluvert af breytingum og tilfærslum í starfsmannahópnum og var deildastjóri af annarri deild fenginn til að taka við hópnum. Nýir starfsmenn hófu störf og gekk allt mjög vel miðað við aðstæður. Börnin upplifðu öryggi í gegn um breytingaferlið. Og er þar að þakka góðu samstarfi foreldra og starfsmanna deildarinnar. Þrjú börn byrjuðu aðlögun skömmu eftir breytingarnar og gekk hún eins og í sögu. Starfið í vetur hefur því verið töluvert krefjandi en jafnframt skemmtilegt.

Endurmat á umbótaáætlun 2024-2025

Hreyfing





Þar sem börnin eru mis mikið á ferðinni skiptir miklu máli að starfsfólk deildarinnar dreifi sér vel yfir lóðina, við höfum ekki verið að nýta okkur litla garðinn mikið þar sem það getur verið heftandi fyrir þau sem þurfa meiri hreyfingu sem og að það býður ekki upp á að þau hitti eldri börnin en töluvert af börnum á deildinni eiga eldri systkin í leikskólanum. Við förum út tvisvar á dag allt árið um kring og skapast þannig mörg tækifæri fyrir börnin til að hreyfa sig og fá útrás.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf á deildinni hefur gengið vel. Foreldrum er alltaf gert kleift að fá fund með deildastjóra en við höfum einnig lagt mikið upp úr því að ná að halda góðum samskiptum með því að tala við öll þegar þau koma með og sækja börnin sín. Foreldasamtöl eru svo einu sinni á vorönn. Þar er farið vel yfir líðan barna. Fyrir þessi viðtöl fara starfsmenn deildarinnar yfir hvert barn fyrir sig og útbýr deildastjóri námsskrá fyrir hvert barn í samstarfi við starfsmenn deildarinnar.

Umbótaáætlun 2025-2026

Sýnilegt skipulag

Í vetur hefur allt skipulag verið gert sýnilegt og vita allir starfsmenn hvenær þeir sinna verkefnum á þar til gerðri töflu. Þetta skapar öryggi og einfaldar daglegu hlutina fyrir starfsmenn. Einnig er þá einfaldara fyrir þá íhlaupa starfsmenn að vita hvaða verkefnum þau sinna hverju sinni. Þetta tryggir einnig að ábyrgð sé dreift jafnt á starfsfólkið. Á töflunni eru líka verkefni sem annars eiga það til að gleymast eins og að tæma plast og pappa, vökva plöntur og fleira því líkt.

Aukin innsýn í starfið fyrir foreldra

Þar sem verið er að endurskoða myndbirtingar á lokuðum hópum á samfélagsmiðlum stefnum við að, að verði sent út bréf til foreldra mánaðarlega það sem veður farið ýtarlega yfir mánuðinn á deildinni hverju sinni. Þar munu koma fram hvaða saga er sögð, hvaða texta við erum að syngja og hvaða verkefnum við erum að vinna í á deildinni hverju sinni.





8 Innra mat Sérkennslu 2024-2025

Umbótaráætlun

Sérkennslustjóri nýtti undirbúning fyrir opnun leikskólans í að taka það rými í gegn. Stofan var máluð í ljósbleikum lit og laseruð í anda waldorf. Allt var fært úr stofunni og rýmið hannað með sérkennslu í huga. Lítið er af dóti og sem minnst af sjónrænni truflun.

Það voru sett inn tvö vinnuborð og stólar fyrir börnin og vinnuborð fyrir sérkennslustjóra með fundasetu og almenntri vinnu í huga.

Lítill dúkkukrókur með waldorfdúkkum, dúkkufötum, þæfðum boltum og litlum prjónuðum dýrum og eldavél í einu horni rýmisins með fallegu efni yfir fyrir þak á króknum.

Einnig eru nokkrar trékörfur með trékubbum og trélestar og teinar og hilla með bókum.

Rýmið er notað af sérkennslustjóra á hverjum degi. Á morgnanna koma börn í tveimur hópum kl:9.30 til 10.30 og aftur kl: 10.30 til 11.30, í markvissa málörvun og sum af þeim börnum hafa farið í mat hjá talmeinafræðingi og við vinnum náið undir handleiðslu hans.

Eftir hádegi kemur hópur frá 13.00 til 14.00 í félagsfærni og þann tíma nýtum við í að leika okkur í allskonar leikjum í ólíkum hópum. Þessi tími er notaður til að slípa saman vinahópa og leysa flækjur í rólegu umhverfi sem hafa myndast milli barnanna.

Þetta hefur gefist rosalega vel og léttir mikið undir starfi á deild og börnin að alla jafna betur í stakk búin til að takast á við verkefni sem koma upp í daglegu lífi leikskólans.

Aðstaðan gefur okkur mikið andrými til skapa gott starfumhverfi fyrir sérkennslu og fundi með okkar teymi hjá Reykjavíkurborg.



9 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í febrúar. Viðtölin voru þannig uppsett að starfsfólk fékk fyrirfram senda umræðupunkta í tölvupósti sem tengjast bæði líðan í vinnu, samskiptum á vinnustaðnum og starfinu.

Tveir stjórnendur höfðu ætlað að taka viðtölin saman en því miður gekk það ekki upp og tók einn stjórnandi öll viðtölin. Hvatt var til að starfsfólk tæki sér góðan tíma til að hugleiða umræðupunktana og kæmi vel undirbúið í viðtalið og gerðu flestir það. Í viðtalinu fær starfsfólk tækifæri til að skoða sjálft sig, væntingar sínar til starfsins, samskipti innan deildar og í leikskólanum. Gefin var klukkustund í hvert viðtal.

Helstu áherslur sem komu fram í viðtölunum voru:

Starfsfólk var almennt ánægt í vinnu, flestum fannst starfsandinn góður og allir finna fyrir stuðningi og virðingu frá samstarfsfólki. Stór hluti starfsmanna óskar eftir enn meiri Waldorf fræðslu.

Starfsmenn töluðu um að þeir finndu ekki fyrir óeðlilegu álagi í vinnu en þó væru álagspunktar t.d. þegar verið væri að klæða í útiveru og þegar aðrir starfsmenn væru mikið frá eða mættu seint til vinnu. Einnig komu fram gagnlegir punktar sem við munum vinna eftir.

- Hafa sýnilegt dagsplan uppi á vegg á öllum deildum.
- Auka en frekar upplýsingafræði.
 - Kom það einnig fram á síðasta ári og hefur verið unnið að því.
- Finna sameiginlega leið til að létta álagið í fataklefa.



Boðið var upp á fjölbreytta fræðslu í vetur á starfsmannafundum sem haldnir eru á þriggja vikna fresti. Snéri hún bæði að líðan og réttindum starfsmanna auk Waldorf fræðslu.

Fræðsla á síðasta skólaári:

- Waldorfmálun, Marteinn Teitur sá um fræðsluna.
- Skyndihjálp barna, Rauðikrossinn sá um fræðsluna.
- Græjum gleðina, Margrét Leifsdóttir markþjálfari sá um fræðsluna.
- Réttindi starfsmanna, Kristín Þóra Harðardóttir hjá Gott og gilt var með fyrirlesturinn Lífsleitinn.
- Námskeið fyrir foreldra og áhugasama kennara. John Meeks fyrrum kennari við Emerson College hélt námskeiðið.
- Deildarstjóri sérkennslu fór á Waldorfráðstefnu í Svíþjóð.
- Deildarstjóri fór á tvö námskeið hjá Barnaheill.
- Allir starfsmenn fóru á námskeið hjá Barnavernd „Ég lofa“.
- Í lok þessa skólaárs og í byrjun þess næsta fer hópur starfsmanna á Waldorkennara námskeið í gegnum Rudolf Steiner háskólann í Osló.
- Nokkrir starfsmenn sóttu ýmsa Waldorf fyrirlestra bæði í grunnskólanum Lækjarbotnum og í Sofiustofu.





10 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvastutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.

Leik- og grunnskóli Sólstafa eru á sama svæði og þekkja börnin okkar því skólalóðina mjög vel. Gott samstarf er á milli skólastiga Sólstafa. Frá áramótum fara elstu nemendur leikskólans einu sinni í mánuði í heimsókn í grunnskólann. Í þeim kynnast þeir starfsmönnum skólans, staðháttum, sitja í kennslustund og vinna verkefni með 1. bekk.

Leik- og grunnskólakennari vinna náið saman við að skipuleggja vel tilfærslu nemenda á milli skólastiga.

Einnig hittast nemendur grunn- og leikskólans nokkrum sinnum yfir skólaárið. Má þar nefna Mikjálsmessu/drekahátíðina sem fram fer í Öskjuhlíð að hausti þar sem nemendur vinna saman ýmis skemmtileg verkefni. Við undirbúning jólabasarsins, sveitaferð að vori og sumarhátíð Sólstafa.

Á næsta skólaári fara fjórtán börn af leikskólanum yfir í grunnskólann. En sex börn fara í aðra skóla. Okkar sýn er að þeir foreldrar sem velja Waldorfleikskólann geri það vegna stefnunnar og velji síðan að láta börn sín halda áfram og fara í Waldorf grunnskóla Sólstafa.

Í febrúar er haldin kynningarfundur í grunnskólanum fyrir foreldra elstu barnanna í leikskólanum. Þar kynna kennarar yngstu bekkjanna hugmyndafræði waldorf námsins. Því miður hafa kynningarfundirnir ekki verið nógu vel sóttir. En við erum stöðugt að finna leið til að kynna grunnskólann okkar.

Við höfum ekki átt í samstarfi við frístundamiðstöðvar fyrir utan skólann hjá okkur en þar er rekin lengri viðvera eftir skóla fyrir börn í 1. – 4. bekk.

Tækifæri til umbóta.

Áfram verður unnið að þeim umbótum sem við settum okkur á síðustu tveimur árum. Eitthvað hefur áunnist en við eigum enn eftir nokkur starf.

- Stórauka kynningu á grunnskólastarfinu til foreldra leikskólabarna.
- Finna góða leið til að nálgast foreldra.
- Gera skólann sýnilegri t.d. á samfélagsmiðlum.





Ábyrgð: stjórnendur leik- og grunnskólans, deildarstjóri elstu deildar og umsjónarkennari 1. bekkjar.

Tími: Allt skólaárið

Metið: Á sameiginlegum starfsdegi leik- og grunnskólans.





11 Foreldrasamvinna

Í leikskólanum er gott samfélag þar sem mikil áhersla er lögð á samvinnu á milli foreldra og leikskólans. Foreldrar taka virkan þátt í vinnudögum og hafa unnið ómetanlegt starf. Þeir hafa m.a. smíðað girðingar, hjólaskýli, útileikföng, búið til rennibraut fegrað og gróðursett í garðinum. Auk þess taka foreldrar virkan þátt í undirbúningi fyrir jólabasarinn ásamt því að standa vaktir á honum og selja margskonar fallegan varning. Innkoma markaðarins er notuð í ýmislegt til að byggja upp starfið á leikskólanum.

Það er orðin hefð fyrir blómamarkaðinum á sumarhátíðinni, foreldrar og velunnarar skólans gefa blóm á markaðinn. Markmið síðustu ára hefur verið að safna fyrir gróðurhúsi. Nú er komið að því að við eigum fyrir því og verður það sett upp í haust.

Foreldrafélög skólanna eru mjög öflug. Þau eru hugmyndarík og til í að leggja sitt af mörkum til að efla skólastarfið.

Á sumarhátíðinni í vor unnu foreldrafélög skólanna náið saman. Þau voru t.d. með tombólu, fataskiptimarkað og börnin í 8. – 9. bekk voru með fjáröflun fyrir utanlandsferð sem þau munu fara í lok næsta skólaárs.

Auk þess eru foreldrafélögin að skipuleggja útilegu í Lækjabotnum fyrir skólanna. Dagskráin verður mjög spennandi og í anda waldorf stefnunnar. Hún byggir m.a. á því að þetta hópinn enn frekar og gera okkur að enn betra samfélagi. Við erum mjög þakklát fyrir þetta mikilvæga starf foreldra.

Allar deildir halda úti öflugum facebook eða instagram síðum þar sem foreldrar geta fylgst með starfinu og hvað er á döfinni. Verið er að skoða hvort aðrar leiðir geti verið betri vettvangur. Einnig senda deildarstjórar út fréttabréf í hverjum mánuði.

Starfið er m.a. byggt upp í kringum árstíðabundnar hátíðir, vinnudaga og undirbúning jólabasars. Við þessi tækifæri hittast foreldrar, börn og starfsmenn og kynnast vel, sem skilar sér á jákvæðan hátt inn í skólastarfið.

Þátttaka foreldra í öllum þessum uppákomum er mjög mikilvægur þáttur í starfi leikskólans.





Tvisvar á ári eru haldnir sameiginlegir foreldrafundir, að hausti og eftir áramót. Á haustfundinum er kosið í foreldrafélag og foreldraráð. Allir foreldrar eru í foreldrafélaginu. Í foreldraráðinu sitja einn til tveir foreldrar.

Á fundunum er stutt Waldorf-fræðsla, farið yfir hvað er á döfinni og almennt spjall. Mjög vel er mætt á þessa fundi.

Foreldraviðtöl voru á öllum deildum í febrúar og mars.

Foreldrar hafa ávallt greiðan aðgang að stjórnendum og kennurum skólans. Hvort sem er í spjall um hvernig dagurinn hefur gengið eða formleg viðtöl.

Í júní er nýjum foreldrum boðið á sameiginlegan kynningarfund. Á honum er m.a. farið yfir stefnuna og starfið, deildarstjórar kynntir.

Ábyrgð: Allir deildarstjórar og stjórn leikskólans.

Tími: Allt árið.

Metið: Í foreldraviðtölum, á deildastjórafundum og í gegnum foreldrakannanir.





12 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Dagskrá Sólstafa 2025 - 2026

Ágúst :

- Þriðjudaginn 5. ágúst - Starfsdagur.
 - Leikskólinn opnar miðvikudaginn 6.ágúst
- Föstudaginn 22. ágúst berjadagur

September:

- Fimmtudaginn 11. september kl. 17 – foreldrafundur
- Laugardaginn 20. september – vinnudagur - Foreldrar og starfsfólk huga að leikskólanum, bæði innan og utan dyra.
- Mánudaginn 29. september - Mikjálsmessa - uppskeruhátíð á leikskólanum.
Við böfum drekabrauð og eldum drekasúpu og tökum upp kartöflur, Mikjálssögustund og hauststemning.

Nóvember:

- Laugardaginn 8. nóvember: Jólabasar
- Þriðjudaginn 11. nóvember: Martinsmessa – luktarganga
- Mánudagur, 17.nóvember: Starfsdagur
- Föstudaginn 28. nóvember - Aðventuhátíð fyrir börnin

Desember:

- Föstudaginn 19. desember. Jólaball -Börnin skreyta jólatré, syngja og dansa í kringum það.

Leikskólinn er lokaður frá 24. desember.

Starfsdagar 29. - 30. desember og 2. Janúar 2026
Leikskólinn opnar mánudaginn 5. janúar. 2026





Febrúar:

- **Fimmtudaginn 5. febrúar – foreldrafundur**
- **Föstudaginn 6. febrúar - starfsdagur** – leikskólinn er lokaður.
- **Föstudaginn 13. febrúar- Þorrahátíð** á leikskólanum.
Á matseðlinum eru heimabakað rúgbrauð og flatkökur, skyr og söl.
Gaman ef börnin koma klædd í sauðalitunum þennan dag.
- **Mánudaginn 16. febrúar** - Bolludagur.
- **Þriðjudaginn 17. febrúar** - Sprengidagur.
- **Miðvikudaginn 18. febrúar** - Öskudagur/ **Grímuball** á leikskólanum
- **Opið hús - Waldorfskólinn Sólstafir, Sóltún 6**

Mars:

- **Foreldraviðtöl**
- **Föstudaginn 27. mars - Páskakaffi** fyrir foreldra og börn.
Ath. Leikskólinn lokar kl. 16:00 þennan dag

Apríl:

- **Páskafrí 2. – 6. apríl**- Leikskólinn opnar aftur þriðjud. 7. apríl.
- **Fimmtudaginn 23. apríl** - Sumardagurinn fyrsti.

Maí - júní:

- **Föstudaginn 1. maí – Verkalýðsdagur**
- **Fimmtudaginn 28. maí – sumarhátíð Sólstafa**
- **Sveitaferð** í Miðdal í Kjós fyrir elstu börnin
Lagt af stað kl. 9.30 og farið með rútu. Farið í fjöru og síðan grillað í Miðdal.
Komið heim um kl. 14.30. Mælst er til að ferðalangarnir séu sóttir snemma.
Yngstu börnin gera sér dagamun og fara í göngutúr og undirbúa sérstakan hádegismat. (Dagsetning ákveðin síðar)
- **Fimmtudaginn 14. maí - Uppstigningardagur, Leikskólinn lokaður**





- **Föstudaginn 22. maí Hvítasunnuhátíð á leikskólanum**
Hvítasunna 24. - 25. maí, Leikskólinn lokaður 25.maí
- **Fimmtudaginn 28. maí - Sumarhátíð Sólstafa í Waldorfskólanum, Sóltún 6.**
Foreldrar, börn og starfsfólk skemmta sér saman. Hestaferðir, leikir o.fl.
- **Laugardaginn 30. maí - Vinnudagur**
Foreldrar og starfsfólk huga að leikskólanum, bæði innan og utan dyra.
- **Miðvikudaginn 17.júní Þjóðhátíðardagur, leikskólinn er lokaður.**

Sumarfrí á leikskólanum er frá 29. júní til 4. ágúst.

Starfsdagur er 4. ágúst- Leikskólinn lokaður. Leikskólinn opnar aftur miðvikudaginn 5. ágúst.





13 Fylgiskjöl

Barnaskoðun.

Barnaskoðun fer fram í leikskólanum. Hún er undirbúin á deildarfundi tveimur vikum áður. Þá er ákveðið hvaða barn verður athugað og hver mun halda utan um skoðunina. Allir starfsmenn fylgjast með barninu þessar tvær vikur og skráir upplýsingar hjá sér.

Sá sem heldur utan um skoðunina hefur samband við foreldra og segir þeim að barnið sé nú í barnaskoðun og útskýrir fyrir þeim hvernig ferlið er og fær einnig upplýsingar um barnið hjá þeim s.s. hæð, þyngd, veikindi og svefnvenjur. Hafa verður í huga að þetta eru oft viðkvæmar persónuupplýsingar og verður að ríkja algjör trúnaður.

Barnaskoðun fer þannig fram að starfsmenn taka fyrir eitt barn og skoða það í heild á óhlutdrægan hátt í tvær vikur. Þeir skoða líkamsbyggingu og lífshlaup barnsins til að fá heilsteypta mynd af því.

Nafn:

Fæðingardagur:

LÍKAMSBYGGING - LÍKAMSBIRTING:

Heildarmynd:

Höfuð:

Eyru:

Hár:

Augu:

Augabrýr:

Nef:

Munnur:

Tennur:

Tannþroski:

Haka:

Húð:

Hendur:

Útlimir:





Hreyfingar:

Göngulag:

Hlaup/ Hopp:

Jafnvægi:

Hreyfiþörf:

Leikni handanna:

Talþroski:

Raddhljómur:

Talhraði:

Orðaforði:

Talar barnið skýrt?

Tónlist:

Söngur:

aktur:

SÁLAREIGINLEIKAR - LÍFSTJÁNING

Sálarlegt ástand /staða:

EFTIRHERMIHÆFILEIKI

Frjáls leikur – inni:

Frjáls leikur – úti:

Uppáhaldsleikur:

Leikföng:

Söngvaleikir:

Hrynlist:

Fingraleikir:

FÉLAGSLEG VIRKNI

Barnið sjálft:





Önnur börn:

Fullorðnir:

Teikningar:

Málun:

Viljakraftur:

SKYNFÆRIN

SAGA BARNSINS

Systkini:

Fæðingin:

Skreið barnið áður en það gekk?:

Hvenær lærði barnið að ganga?:

Notaði barnið snuð?:

Gerðist eitthvað sérstakt frá fæðingunni að leikskólagöngunni – þar á

meðal sjúkdómar:

Notar barnið bleyjur? Hvenær? Bleytir það rúmið eða buxur?

Eitthvað sérstakt varðandi matarvenjur?

Eitthvað sérstakt varðandi svefn? Athafnir? Kvöldbænir? Góða-nótt-saga?

Hvernig vaknar barnið á morgnana?:

Hefur barnið sér herbergi eða sefur það hjá foreldrum?

Klæðnaður – sækist barnið eftir sérstökum litum?

Getur það og vill klæða sig sjálft?

Sérstakur ávani – t.d. að sjúga finger, naga neglur?

Annað:





F. h. leikskólans

Kerstin María Renatedóttir Meyer 24.06.25

Stjórnandi

Dagsetning





Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:
Sigrún Eir Þorgrímsdóttir (formaður)

Meðstjórnendur:
Laufey Jóhannsdóttir
Guðrún Birna Jakobsdóttir
Ólafur Steingrímsson
Kristín Ingibjörg Hlynisdóttir
Karítas K. McCrann

40

Varamenn:
Árni Kristjánsson
Agnar Ingi Traustason

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?
Já, áætlunin endurspeglar starf síðasta árs vel og stefnur leikskólans.
Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?
Já.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?
Já, mjög góð innsýn í starfið og fræðandi.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?
Nei.





Fulltrúar í foreldraráði:
Sigrún Eir Þorgrímsdóttir (formaður)

Meðstjórnendur:
Laufey Jóhannsdóttir
Guðrún Birna Jakobsdóttir
Ólafur Steingrímsson
Kristín Ingibjörg Hlynisdóttir
Karítas K. McCrann

Varamenn:
Árni Kristjánsson
Agnar Ingi Traustason

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði
Sigrún Eir Þorgrímsdóttir





Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla:

Sólstafr

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ	
1 F		1 M		1 M		1 L		1 M	Fullveldisdagurinn	1 F	Nýársdagur	1 S		1 S		1 M		1 F	Verkalýðsdagurinn	1 M	
2 L		2 Þ		2 F		2 S		2 Þ		2 F	starfsdagur	2 M		2 M		2 F	Skirdagur	2 L		2 Þ	
3 S		3 M		3 F		3 M		3 M		3 L		3 Þ		3 Þ		3 F	Föstudagurinn langi	3 S		3 M	
4 M	Fridagur verslunarm.	4 F		4 L		4 Þ		4 F		4 S		4 M		4 M		4 L		4 M		4 F	
5 Þ	starfsdagur	5 F		5 S		5 M		5 F		5 M		5 F	Foreldrafundur	5 F		5 S	Páskadagur	5 Þ		5 F	
6 M	Leikskólinn byrja aftur	6 L		6 M		6 F		6 L		6 Þ	Þrettándinn	6 F	starfsdagur	6 F		6 M	Annar í Páskum	6 M		6 L	
7 F		7 S		7 Þ		7 F		7 S		7 M		7 L	Dagur tónlistarskólans	7 L		7 Þ		7 F		7 S	Sjómennadagurinn
8 F		8 M	Dagur læsis	8 M		8 L	Jólabasar Sólstafa	8 M		8 F		8 S		8 S		8 M		8 F		8 M	
9 L		9 Þ		9 F		9 S		9 Þ		9 F		9 M		9 M		9 F		9 L		9 Þ	
10 S		10 M		10 F		10 M		10 M		10 L		10 Þ	Dagur íslenska táknmálsins	10 Þ		10 F		10 S		10 M	Skólaslit grunnskóla
11 M		11 F	Foreldrafundur	11 L		11 Þ	Martinsmessu	11 F		11 S		11 M		11 M		11 L		11 M		11 F	
12 Þ		12 F		12 S		12 M		12 F		12 M		12 F		12 F		12 S		12 Þ		12 F	
13 M		13 L		13 M		13 F		13 L		13 Þ		13 F	Þorrahátíð	13 F		13 M		13 M		13 L	
14 F		14 S		14 Þ		14 F		14 S		14 M		14 L		14 L	Dagur stærðfræðinnar	14 Þ		14 F	Uppstigningardagur	14 S	
15 F		15 M		15 M		15 L		15 M		15 F		15 S		15 S		15 M		15 F		15 M	
16 L		16 Þ	Dagur íslenskrar nátt	16 F		16 S	Dagur íslenskrar tungu	16 Þ		16 F		16 M	Bolludagur	16 M		16 F		16 L		16 Þ	
17 S		17 M		17 F		17 M	Starfsdagur	17 M		17 L		17 Þ	Sprengidagur	17 Þ		17 F		17 S		17 M	Lýðveldisdagurinn
18 M		18 F		18 L		18 Þ		18 F		18 S		18 M	Öskudagur	18 M		18 L		18 M		18 F	
19 Þ		19 F		19 S		19 M		19 F	Jólaball	19 M		19 F		19 F		19 S		19 Þ		19 F	
20 M		20 L	Vinnudagur	20 M		20 F	Dagur mannréttinda	20 L		20 Þ		20 F		20 F		20 M		20 M		20 L	
21 F		21 S		21 Þ		21 F		21 S		21 M		21 L		21 L		21 Þ		21 F		21 S	
22 F	Berjadagur	22 M		22 M		22 L		22 M		22 F		22 S	Konudagur - upphaf	22 S		22 M		22 F	Hvítasunnuhátíð	22 M	
23 L		23 Þ		23 F		23 S		23 Þ		23 F	Bóndadagur - upphaf Þorra	23 M		23 M		23 F	Sumardagurinn fyrsti	23 L		23 Þ	
24 S		24 M		24 F		24 M		24 M	Aðfangadagur jóla	24 L		24 Þ		24 Þ		24 F		24 S	Hvítasunnudagur	24 M	
25 M		25 F		25 L	Fyrsti vetrardagur	25 Þ		25 F	Jóladagur	25 S		25 M		25 M		25 L		25 M	Annar í Hvítasunnu	25 F	
26 Þ		26 F	Evrópski tungumálad.	26 S		26 M		26 F	Annar í jólum	26 M		26 F		26 F		26 S		26 Þ		26 F	
27 M		27 L		27 M		27 F		27 L		27 Þ		27 F		27 F	Páskakaffi	27 M		27 M		27 L	
28 F		28 S		28 Þ		28 F	Aðventuhátíð	28 S		28 M		28 L		28 L		28 Þ		28 F	Sumarhátíð Sólstafa	28 S	
29 F		29 M	Mikjálsmessan	29 M		29 L		29 M	starfsdagur	29 F				29 S	Pálmasunnudagur	29 M		29 F		29 M	Sumarfrí 29.6- 3.8.
30 L		30 Þ		30 F		30 S		30 Þ	starfsdagur	30 F				30 M		30 F		30 L	Vinnudagur	30 Þ	Starfsdagur 4.8.
31 S				31 F				31 M	Gamlársdagur	31 L				31 Þ				31 S			